



Ísafjarðarbær
Guðmundur Rafn Kristjánsson
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Reykjavík, 2. maí 2024

Tilvísun: 202304006 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna frístundabyggðar í Dagverðardal

Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags. 3. apríl 2024, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn 7. mars 2024.

Skipulagstillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 dags. 5. febrúar 2024 og í greinargerð dags. í febrúar 2024.

Í breytingartillöggunni felst að íbúðarbyggð í 9 og litlum hluta opins svæðis til sérstakra nota er breytt í 8,2 ha frístundabyggð F21. Í greinargerðinni segir að vontun sé á frístundahúsum til útleigu. Með 45 nýjum frístundahúsum sem flest verði til útleigu styrkist ferðaþjónusta á svæðinu árið um kring. Lítill eftirspurn sé eftir íbúðarlóðum á svæðinu, m.a. vegna snjóþyngsla.

Með erindinu bárust umsagnir frá ýmsum aðilum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga þegar brugðist hefur verið við eftirfarandi atriðum:

- Þar sem um talsverðan fjölda nýrra frístundahúsa er að ræða með möguleika á útleigu væri æskilegt að nánar yrði tilgreint í skipulagsákvæðum aðalskipulags hvernig fyrirkomulag frístundabyggðar er hugsað og yfirbragð svæðis kemur til með að verða útfært.
- Punktur fyrir V1 er merktur inn á skýringarmynd eftir breytingu í greinargerð en ekki á skipulagsuppdrætti, samræmi þarf að vera þarna á milli.
- Frístundabyggð F21 sem breytingin varðar er merkt sem F14 á skipulagsuppdrætti, þetta þarf að lagfæra.
- Skipulagsstofnun bendir á að með tilkomu Skipulagsgáttar er það liðin tíð að skipulagstillögur liggi frammi í afgreiðslu hjá stofnuninni.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að afgreiða erindið.

Sigurjón Jóhannsson

